

✉ Re: Endurskoðun deiliskipulags á Reykjanesi - beiðni um umsögn

Búið til	29.1.2021 10:46:36
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	29.1.2021 10:46:36
Tilheyrir	 202101-0031 - Endurskoðun deiliskipulags á Reykjanesi

Efni

Re: Endurskoðun deiliskipulags á Reykjanesi - beiðni um umsögn

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	29.1.2021 10:46:36	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	Atligeir@grindavik.is, Gunnar.K.Ottosson@Reykjanesbaer.is

Innihald

Mál: 202101-0031 LA/IAS

Vísað er til meðfylgjandi tölvupóst frá 15. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna sameiginlegrar auglýsingu Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar vegna endurskoðunar skipulagslýsingu á gildandi deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi.

Reykjanes er einstakt jarðfræðilegt svæði og hefur hátt eða mjög hátt verndargildi á heimsvísu. Háhitasvæði Reykjanes hefur sömuleiðis hátt verndargildi þar sem háhitasvæði landsins eru um tuttugu og þau fágæt annarsstaðar í heiminum.

Endurskoðun á deiliskipulagi nær yfir svæði á náttúruminjaskrá, tillögur um verndarsvæði á B-hluta (<https://www.ni.is/greinar/su-ongulbrjotsnef>) og náttúruvinnslusvæði sem njóta sérstakrar verndar samkv. 61 gr. laga um náttúruvernd (60/2013).

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar frá 2019 „Úttekt á náttúruferjum við Stóru-Sandvík á Reykjaneskaga“ sem unnin var fyrir HS Orku (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19013.pdf>) (<https://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19013.pdf>) er tekið saman (á bls. 16) verndargildi svæðisins:

„Svæðið er á náttúruverndarsvæði (nr. 106, Reykjanes, Eldvörp og Hafnarberg). Þar segir: „Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávertjörn. Hafnarberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.“

Svæðið er einnig á náttúruverndaráætlun 2004–2008 sem var samþykkt af Alþingi 2004, en þar er lagt til að svæðið verði verndað sem náttúruverndarvætti vegna jarðfræðilegs mikilvægis (Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2004–2008). Þar segir „Reykjanes er einstakt svæði á heimsvísu því að þar má sjá framhald úthafshryggjar á þurru landi þar sem tvær jarðskorpuplötur gliðna í sundur. Ummerki um gliðnun jarðskorpunnar eru greinileg á svæðinu og þar eru fjölbreytt eldvörp og jarðhitasvæði.“

Í svæðislýsingu í viðauka með náttúruverndaráætlun 2004–2008 segir „Reykjaneshryggurinn, nyrsti hluti Mið-Atlantshafshryggjarins, sem klýfur Atlantshafið í tvær úthafsplötur kemur á land á Reykjanesi (Þingsáætlun um náttúruverndaráætlun 2004–2008). Ísland er eini staðurinn á jörðinni þar sem skoða má virkan úthafshrygg ofansjár og hvergi er tengingin skýrari en á Reykjanesi. Aðrir hlutar hryggjarins (rekbeltanna) á Íslandi eru undir meiri áhrifum frá heita reitnum undir Íslandi og að því leyti ólíkari venjulegum úthafshryggjum. Á Reykjanesi sjást glögglega merki gliðunar í sprungubeltum og sigdölum. Þar eru fallegar gígaraðir (t.d. Eldvörp og Stampar) og dyngjur (Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð). Háleyjabunga er úr pikríti sem er sjaldgæf bergtegund. Þar er öflugt og sérstætt jarðhitasvæði með fjölskrúðugum hveragróðri og volg sjávertjörn. Reykjanes er einstakt svæði til jarðfræðirannsókna og hefur mikið fræðslugildi.“

Á þessu stigi telur Náttúrufræðistofnun Íslands ekki þörf á frekari ábendingum, en áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir við endurskoðað deiluskipti þegar það verður kynnt.

Bestu kveðjur,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is>)

From: "Atli Geir Júlíusson" <Atligeir@grindavik.is>
To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Pór Hjaltalín" <thor@minjastofnun.is>; "vedur@vedur.is" <vedur@vedur.is>; "Daniel" <daniel@reykjanesgeopark.is>; "Berglind Kristinsdóttir" <berglind@sss.is>; "Sambands sveitarfélaga á

Suðurnesjum" <sss@sss.is>; "hes" <hes@hes.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC: "Gunnar Kristinn Ottósson" <Gunnar.K.Ottosson@reykjanesbaer.is>; "Stefán Gunnar Thors" <stefan@vso.is>

Subject: Endurskoðun deiliskipulags á Reykjanesi - beiðni um umsögn

Date: 23.12.2020 11:47:41

Sæl/sæll,

Grindavíkurbær og Reykjanesbær auglýsa hér með sameiginlega skipulagslýsingu vegna endurskoðunar á gildandi *Deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi*, skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 6. gr. laga um umhverfismat áætлана nr. 105/2006.

Lýsingin fjallar um fyrirhugaða endurskoðun á Deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi, sem tók gildi í janúar 2004 og tekur til lands innan sveitarfélagamarka Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar.

Viðfangsefni endurskoðunar deiliskipulagsins eru skipulagsskilmálar um umfang og fyrirkomulag mannvirkja, orkuvinnslu og atvinnustarfsemi, verndarsvæði, minjar og tækifæri fyrir ferðaþjónustu og útivist. Deiliskipulagssvæðinu verður skipt í tvo hluta við sveitarfélagsmörk Reykjanesbæjar og Grindavíkurbæja.

Skipulagslýsingin er hér í viðhengi en verður jafnframt aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna:

- Grindavíkurbær: <https://www.grindavik.is/skipulagssvid> (<https://www.grindavik.is/skipulagssvid>)
- Reykjanesbær: <https://www.reykjanesbaer.is/is/moya/extras/skipulagsmal> (<https://www.reykjanesbaer.is/is/moya/extras/skipulagsmal>)

Ábendingar og athugasemdir skulu berast skriflega og má skila þeim til:

• Grindavíkurbæjar, b.t. Atla Geir Júlíussonar, sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs, Víkurbraut 62 240 Grindavík eða í tölvupósti á atligeir@grindavik.is (<mailto:atligeir@grindavik.is>)

• Reykjanesbæjar, b.t. Gunnars Kristins Ottóssonar, skipulagsfulltrúa, Ráðhúsi Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ eða í tölvupósti á Gunnar.K.Ottosson@Reykjanesbaer.is (<mailto:Gunnar.K.Ottosson@Reykjanesbaer.is>)

Umsagnafrestur lýsingar er til og með 31.janúar 2021.

f.h Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar,

Með kveðju/ Kind regards,

Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs



Jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust

Grindavíkurbær

Víkurbraut 62

240 Grindavík

Sími/Tel. (+354) 420 1100

GSM:898-2854

atligeir@grindavik.is (mailto:atligeir@grindavik.is)

www.grindavik.is (http://www.grindavik.is/)

Fyrirvari/Disclaimer - www.grindavik.is/fyrirvari (http://www.grindavik.is/fyrirvari)

Viðhengi

image001.png (8 KB)